



# Skátafélagið Hraunbúar

---

Hafnarfirði, 14.06.2017

Erindi: Leyfi fyrir auknu tjaldsvæðisplássi frá 2-6 ágúst 2017.

Skátafélagið Hraunbúar verður aðili að alheimsmóti Skáta þann 25-29 júlý 2017 og munum þá taka við um 400 skátum á Víðistaðatúnið en alls er búist við um 4500 manns. Þetta er einn stærsti viðburður af þessari tegund á Íslandi. Mótið er tvískipt þar sem þáttakendur munu fara í fjögurra daga ferð um landið og sameinast svo á Úlfljótsvatni 29. júlí til 2.ágúst.

Þar sem að mikið af skátahópum alls staðar að úr heiminum er búið að hafa samband við okkur um gistingu á tjaldsvæðinu frá 2-6 ágúst langar okkur að sækja um leyfi til þess að fá afnot af túninu á þessum tíma. Ekki er um eiginlegt mót að ræða, einungis gistingu þar til kemur að heimferð.

Við munum að sjálfsögðu reyna að afmarka svæðið en miða við fyrirspurnir þá gæti þetta orðið allt túnið þegar að uppi er staðið.

Ef af leyfisveitingu verður mun þetta hjálpa mörgum skátum þar sem að tjaldsvæði er ekki á hverju strái hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta getur haft jákvæð áhrif bæði fyrir almenna starfsemi Hraunbúa en auk þess er um möguleg heilmikil jákvæð áhrif á fyrirtæki í Hafnarfirði almennt að ræða þar sem þessi hópur er á eigin vegum og því líklegur til að nýta sér þá þjónustu sem á svæðinu er.

Með von um jákvæð viðbrögð,  
Virðingafyllt

Guðrún Ásta Gunnarsdóttir  
Rekstarstjóri Skátafélags Hraunbúa.